

Fundur í fjallskilanevnd Landbrots- og Miðafréttar 11. júní 2024 Haldinn í Staðartúni

Mætt voru Fanney Ólöf Lárusdóttir formaður, Bjarni Bjarnason og Hörður Eypórsson sem ritaði fundargerð.

Landbótaáætlun. Borið verður á Landbrots- og Miðafrétt þetta árið og koma alls 22 sekkir eða 11 á hvorn afrétt. Bjarni Bjarnason og Hörður Eypórsson taka að sér að vera ábyrgðarmenn fyrir dreifingu. Landbótaáætlun fyrir Síðumannaafrétt gildir út árið 2024 en Land og skógur er búið að framlengja allar landbótaáætlanir um tvö ár eða til ársins 2026.

Formaður er búin að hafa samband við héraðsfulltrúa Land og skógs um gróðurskoðun og er stefnt að því að skoða afréttinn í næstu viku.

Ákveðið að farið verður í 1. safn þriðjudaginn 3. september þetta árið.

Girðingamál. Ákveðið að formaður tali við sveitarstjóra um framkvæmd uppsetningar á girðingu frá Túnheiði og vestur í Holtsdal. Leita þarf leiða með sveitarstjórn um framkvæmd verksins en ljóst er að verkið verður tímafrekt og kostnaðarsamt. Rætt var um möguleika þess að fá girðingarverktaka í verkið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Hörður Eypórsson

Fanney Ólöf Lárusdóttir